

Vinnureglur ÍBH vegna tímaúthlutunar í íþróttamannvirkjum

Reglurnar gilda fyrir íþróttafélög í Hafnarfirði sem eru háð íþróttasal eða öðrum íþróttamannvirkjum við ástundun íþróttagreina og gilda eingöngu um þau mannvirki sem Íþróttabandalag Hafnarfjarðar úthlutar tímum í til aðildarfélaga sinna. ÍBH má fylgjast með æfingum hvenær sem er.

1. Æfingatímabil

Árinu er skipt í tímabil:

- Vetrartímabil (15. ágúst – 31. maí), íþróttasalir (íþróttahús við grunnskóla loka í maí um helgar).
- Vetrartímabil (1. okt. – 30. apríl), knattspyrnuvellir, Risinn, Dvergurinn, Skessan, gervigras Ásvalla, hybrid gras Kaplakrika og knatthús Hauka Ásvöllum.
- Sumartímabil (1. júní – 15. ágúst), íþróttasalir. (Íþróttamiðstöðin Björk 1. – 30. júní og 1. – 15. ágúst).
- Sumartímabil (15. maí – 15. september), knattspyrnuvellir, Hamarsvöllur, Ásvellir og Kaplakriki.
- Árstímabil (15. ágúst – 15. júlí), sundlaugar.

2. Flokkar

- Skipulagðir æfinga- og keppnisflokkar út frá skilgreiningum viðkomandi sérsambands eiga rétt á tímum í íþróttamannvirkjum (sjá nánar í fylgiskjali 1) út frá fjölda flokka / hópa og iðkendafjölda.
- Öldungahópar í einstaklings- og hópíþróttum eiga ekki rétt á tímum.
- Félög sem eru ekki með starfsemi fyrir börn og unglinga samkvæmt skilgreiningu ÍSÍ og bæði kyn eiga ekki rétt á tímum.

3. Réttur til úthlutunar tíma

- Félag / deild verður að hafa verið starfandi í a.m.k. eitt ár sem félag / deild innan ÍBH og tekið þátt í opinberum mótum til þess að koma til greina í tímaúthlutun.
- **Í fyrstu úthlutun fær félagið / deildin úthlutað helmingi þeirra tíma sem áætlað er út frá útreikningum í fylgiskjali 1 sem ganga út frá fjölda flokka, iðkendafjölda og framboði tíma í ákveðnum mannvirkjum. Eftir það hefur félagið / deildin fullan rétt.**
- Stefnt verður að því að auka mínútuþjölda æfingatíma á viku hjá keppnisflokkum sem eru með mikinn iðkendafjölda. Í því sambandi verður stuðst við skilgreindan lágmarks- og hámarksíðkendafjölda í hóp í ákveðnu rými (sjá fylgiskjal 1).
- Félögum ber skylda til að tilkynna skrifstofu Íþróttabandalags Hafnarfjarðar allar breytingar á æfingahópum íþróttagreina félagsins á milli ára s.s. ef einhver flokkur leggst af, stofnun nýrra flokka, breytingar á æfinga- og keppnisaðstöðu íþróttagreina eða einstaka flokka innan íþróttagreina félagsins.
- Almenningshópar geta sótt um tíma til ÍBH. Stefnt verður að því að leigja kvöldtíma til slíkra hópa. ÍBH er skuldbundið til að ráðstafa 2-3% af heildartímum í íþróttamannvirkjum bæjarins til almenningshópa, gerir leigusamninga við hópana og hefur umsjón með þeim.

4. Umsókn

ÍBH kallar eftir umsóknum íþróttafélaga á tímum í íþróttamannvirkjum fyrir flokka/hópa íþróttagreina sem iðkaðar eru innan þeirra vébanda. Umsóknarfrestir eru eftirfarandi:

- 1. maí. Vetrartímabil (15. ágúst – 31. maí), íþróttasalir.
- 1. maí. Vetrartímabil (1. okt. – 30. apríl), knattspyrnuvellir, Risinn, Dvergurinn, Skessan, gervigras Ásvalla, hybrid gras Kaplakrika og knatthús Hauka Ásvöllum.
- 1. apríl. Sumartímabil (15. maí – 15. september), knattspyrnuvellir Ásvellir og Kaplakriki.
- 1. maí. Árstímabil (15. ágúst – 15. júlí), sundlaugar.
- Sumartímabil (1. júní – 15. ágúst), íþróttasalir. Íþróttamiðstöðin Björk 1. – 30. júní og 1. – 15. ágúst. Ekki er kallað eftir umsóknum fyrir sumartímabil íþróttasalir. Haukar, FH, Björk og DÍH fá sama tímafjölda og undanfarin ár frá ÍTH.

ÍBH sendir skjal til félaganna sem félögin fylla út þ.e. setja inn áætlaðann iðkendafjölda í hverjum flokki hvernar íþróttagreinar sem iðkuð er í félaginu og fjölda liða í hópíþróttum sem tekur þátt í Íslandsmóti og öðrum stærri mótum sem eru haldin fyrir flokka í viðkomandi íþróttagrein. Félagin eiga síðan að senda þessar upplýsingar í tölvupósti til ÍBH áður en umsóknarfrestur fyrir tímabilið sem sótt er um rennur út.

ÍBH úthlutar æfingatímum til féлага í samræmi við tiltekinn mínútufjölda og rými á viku fyrir hvern aldursflokk eða hóp sbr. fylgiskjal 1.

Þegar vinnu við umsóknir er lokið sendir ÍBH úthlutunina til félaganna samkvæmt eftirfarandi dagsetningum:

- Skilafrestur á umsókn 1. apríl – drög að úthlutun send út til íþróttafélaga 15. apríl.
Endanleg úthlutun send út til íþróttafélaga 1. maí.
- Skilafrestur á umsókn 1. maí – drög að úthlutun send út til íþróttafélaga 15. maí.
Endanleg úthlutun send út til íþróttafélaga 1. júní.

Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi kemur til greina að fjölga tímum fyrir ákveðna flokka m.a. vegna mikils fjölda iðkenda. Félagum ber að skila inn æfingatöflum í hverri íþróttagrein til ÍBH áður en æfingar hefjast.

5. Íþróttamannvirki og skilgreiningar á rými

Yfirlit íþróttamannvirkja og úttekt í einingum og brautum sjá nánar í fylgiskjali 2.

6. Nýting tíma

- Íþróttafélög skulu skipuleggja æfingatíma yngstu aldursflokka sem fyrst eftir að skóladegi lýkur.
- Stefnt skal að góðri nýtingu aðstöðu t.d. með því að skipta aðstöðu niður í minni hluta þar sem það er hægt, sameina æfingar fámennra flokka o.fl.
- Íþróttafélagi ber að gæta þess að íþróttatímar falli ekki niður.
- Ennfremur skal þess gætt að fjöldi iðkenda hverju sinni sé í samræmi við lágmarkskröfur sbr. fylgiskjal 1.
- Félagum er óheimilt að framselja tíma í íþróttamannvirkjum til annara féлага eða hópa.
- Þjálfara ber að hefja og ljúka æfingu innan þess tíma sem honum er úthlutað, frágangur áhalda á einnig að vera innan tímans. Þjálfarar þurfa að tileinka sér góða framkomu og eiga gott samstarf við starfsmenn íþróttamannvirkja.

7. Skráning og eftirlit

- Að beiðni íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH á að skrá niður upplýsingar um:
 - a). Fjölda skólabarna á dag.
 - b). Fjölda iðkenda eftir flokkum á dag.
 - c). Fjölda áhorfenda og gesta vegna kappleikja eða keppni á viðburð á dag.Skýringar skulu gefnar þegar æfingar falla niður t.d. vegna fjölíðamóta eða vegna annarra ástæðna.
- ÍBH og Hafnarfjarðarbær eiga að geta hvenær sem er fengið upplýsingar um tímanýtingu í öllum mannvirkjum.

8. Ábyrgðaraðili æfingatíma og upplýsingaskylda til forstöðumanna íþróttamannvirkja

- Samkvæmt 8. gr. reglugerðar menntamálaráðuneytisins um öryggismál í íþróttamannvirkjum mega æfingar hjá börnum og unglíngum eingöngu fara fram undir stjórn ábyrgs aðila. Til að teljast ábyrgðaraðili þarf þjálfari að vera orðinn 18 ára gamall.
- Í öllum íþróttamannvirkjum skulu liggja fyrir upplýsingar frá öllum félögum og deildum um alla þjálfara félagsins. Starfsmenn íþróttamannvirkjanna eiga ávallt að geta náð í þjálfara félaganna.
- Íþróttafélögum ber að tilkynna forstöðumönnum íþróttamannvirkja niðurfellingu á æfingatímum og allar breytingar.
- Allar breytingar á útgefnum æfingatöflum ber að tilkynna skrifstofu ÍBH.

9. Afturköllun tíma

- ÍBH afturkallar illanýtta tíma frá aðildarfélögum.
- Séu upplýsingar frá félögum og deildum um alla þjálfara ekki til staðar í því íþróttamannvirki sem íþróttafélag eða deild á tíma í getur ÍBH fellt niður tímamann / tímama þangað til úrbætur hafa átt sér stað.
- Ófullnægjandi eða rangar upplýsingar félaga varðandi nýtingu æfingaaðstöðu eða rangar upplýsingar í dagbókum varðandi nýtingu tíma og önnur óeðlileg vinnubrögð varðandi nýtingu geta leitt til niðurfellingar á úthlutaðum tímum um óákveðinn tíma.
- Ef félög verða uppvís að því að framselja tíma til annarra íþróttafélaga eða hópa er ÍBH heimilt að taka þá tíma af viðkomandi félagi.
- Við afturköllun vannýtttra tíma skal starfsmaður ÍBH senda félaginu tilkynningu um hvaða tíma á að taka af félaginu, hvers vegna og veita félaginu rétt til andmæla innan tveggja vikna frá dagsetningu tilkynningar. Hreyfi félagið ekki andmælum innan tilgreinds frests eða að stjórn ÍBH fellst ekki á andmæli félags verða afturkallaðir tímar úthlutaðir í samræmi við 11. grein þessara reglna.

10. Íþrótt- og tómsfundanefnd Hafnarfjarðar (ÍTH)

- ÍTH ákveður tímabil, tímafjölda og tímaramma í hverju íþróttamannvirki fyrir sig.
- ÍTH afhendir síðan ÍBH tímama til úthlutunar.
- ÍBH úthlutar tímum samkvæmt tímaúthlutunarreglum til aðalstjórna aðildarfélaga sinna. Aðalstjórnir félaganna skipta tímum síðan á milli deilda samkvæmt úthlutunarskjali.
- Komi upp deilur vegna tímaúthlutunar hefur stjórn ÍBH heimild til að klára úthlutunina.

11. Viðbótartímar

- Þau félög sem telja sig þurfa viðbótartíma við þá tíma sem þau hafa fengið úthlutað skulu tilkynna það til ÍBH sem skráir biðlista.

- Komi upp sú staða að ÍBH fái aukningu á tímum t.d. í byrjun tímabils á haustin frá grunnskólum, enn eru afgangs tímar til eftir venjubundna tímaúthlutun eða tímar eru teknir af aðildarfélagi. Er þeim tímum úthlutað áfram til annarra aðildarfélaga eftir þarfagreiningu og biðlista.

12. Undantekningar

Undantekningar eða frávik frá reglunum skal sækja um **sérstaklega** til ÍBH.

13. Skil á æfingatöflum hópa og endurúthlutun tíma

Öllum deildum og félögum sem fá úthlutað tímum ber að skila æfingatöflum inn til skrifstofu ÍBH fyrir 1. september ár hvert. Skrifstofa ÍBH tekur vannýtta tíma strax til sín í endurúthlutun.

14. Endurskoðun

Reglur þessar skulu endurskoðaðar í janúar 2027.

Reglurnar voru samþykktar af stjórn ÍBH þann 3. mars 2026.